

2. apríl 2004
Sí 16112

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 11. mars 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um Fjármálaeftirlitið, 518. mál.

Seðlabanki Íslands telur að vel hafi tekist til með starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Fyrirkomulagið sem valið var við setningu laga um Fjármálaeftirlitið og fól í sér að sérstök stjórn var sett yfir stofnunina þýðir að hún heyrir ekki með beinum hætti undir ráðherra heldur nýtur ákveðins sjálfstæðis frá stjórnmalalegum yfirvöldum. Seðlabankinn telur að reynsla sýni að sjálfstæði stofnunarinnar sé með fullnægjandi hætti tryggt með þessu fyrirkomulagi.

Auk þess að beinast að sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir því að nefnd verði falið að gera tillögur um hvernig starfsemi Fjármálaeftirlitsins skuli efld. Afstaða Seðlabanka Íslands til starfsemi Fjármálaeftirlitsins hefur m.a. endurspeglast í árlegum umsögnum bankans til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þeim hefur jafnan komið fram að Seðlabankinn telur starfsemi Fjármálaeftirlitsins afar mikilvæga og að vel hafi tekist til í starfi Fjármálaeftirlitsins hingað til. Þetta kom m.a. fram í umsögn bankans til efnahags- og viðskiptanefndar í desember sl. og er hún lögð með sem fylgiskjal með þessari umsögn. Í henni var m.a. vitnað til jákvæðrar umsagnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um uppbyggingu Fjármálaeftirlitsins á Íslandi. Auk þess þekkir Seðlabankinn til þess að alþjóðlegum fyrirtækjum sem meta lánshæfi þykir sem vel hafi tekist til í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og er það m.a. einn þeirra þátta sem treysta gott lánshæfismat íslenskra banka.

Til þess að Fjármálaeftirlitið geti haldið áfram að þróast og eflast er nauðsynlegt að því verði jafnan tryggðar nauðsynlegar tekjur til þess að standa undir virkri starfsemi. Verklagið sem viðgengst við ákvörðun um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi er óvenjulegt, ekki síst fyrir þá sök að Fjármálaeftirlitið gerir nánari grein fyrir starfsemi sinni, áherslum í starfi, útgjöldum, mannaflapörf og öðru þess háttar en nokkur önnur ríkisstofnun. Því má fullyrða að Alþingi hafi meiri og ítarlegri upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins en a.m.k. flestra annarra ríkisstofnana og um leið möguleika til áhrifa á umfang starfseminnar þegar fjallað er um málefni þess og ákvarðanir teknar um greiðslu kostnaðar af starfi þess.

Af framansögðu má ráða að Seðlabankinn sér ekki sérstaka ástæðu til þess að skipa nefnd til þess að gera úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins. Bankinn telur ekki að neitt það hafi gerst sem gefi sérstakt tilefni til slíks nú. Seðlabankinn telur hins vegar mjög nauðsynlegt að starfsemi Fjármálaeftirlitsins njóti velvilja af hálfu löggjafans við áframhaldandi eflingu hennar þar sem byggt er á góðum árangri liðinna ára.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLAND

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri

Fskj. Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, dags. 3. desember 2003